

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi Leirutanga, Fjallabyggð.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 10. febrúar 2016 breytingu á deiliskipulagi Leirutanga, Siglufirði.

Í breytingunni felst að núverandi tjaldsvæði í miðbæ Siglufjarðar verði lagt niður og nýtt tjaldsvæði byggt upp á Leirutanga. Svæðið er í meginatriðum fjórskipt, þ.e. athafnasvæði, verslunar-lóð, tjald- og útvistarsvæði og griðland fugla.

Á athafnasvæðinu eru sex lóðir, fimm eru þegar byggðar. Fyrirhugað er að reisa eldsneytisstöð ásamt verslun sunnan við núverandi athafnalóðir. Tjaldsvæðið er um 4 ha og verður umgirt trjá- og runnagróðri. Á tjaldsvæðinu verða leiksvæði og snyrtihús. Útvistarsvæðinu er ætlað að þjóna íbúum og gestum með útvistarstígum, fuglaskoðunarskýli, samkomusvæði/grillaðstöðu, bátaskýli og vík til að sjósetja kajaka. Griðland fugla er um 4 ha.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Fjallabyggð, 24. ágúst 2016.

Ármanн Viðar Sigurðsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. september 2016